



Rennslisspárnefnd 2. fundur haldinn 5.
september 1980 á Orkustofnun

Laufey Bryndís Hannesdóttir

Greinargerð LH-80/02

Rennslisspárnefnd 2. fundur. Haldinn 5. september 1980 á Orkustofnun.

Mættir:	Haukur Tómasson	Orkustofnun
	Snorri P. Kjaran	Orkustofnun
	Kristinn Einarsson	Orkustofnun
	Laufey B. Hannesdóttir	Orkustofnun
	Birgir Guðmannsson	Landsvirkjun
	Sten Bergström	SMHI Svíþjóð
	Magnus Persson	SMHI Svíþjóð

Dagskrá: Niðurstaða ferðar svianna hingað.

Kristinn sagði frá ferð upp á vatnasvið Efri-Djósarsár sem farin var dagana 3. og 4. september. Þátttakendur í þeirri ferð voru auk svianna og Kristins, Elías Elíasson á Landsvirkjun og Laufey B. Hannesdóttir. Ferðin tókst með ágætum og sviarnir fengu góða yfirsýn yfir vatnasviðið. Sten Bergström sagði frá reynslu sinni af ferðinni og áætlunum um gerð vatnafræðilíkans af Efri-Djósarsá. Hann var mjög vongóður um að vel gæti tekist og fyrstu útreikningar rennslis gætu komið um nýjár og e.t.v. yrði hægt að segja eitthvað fyrir um vorflóðin 1981. Hann lýsti einnig yfir ánægju sinni með upplýsingar og "data" sem þeir hafa fengið hér á landi.

Birgir Guðmannsson sagði frá daglegum rekstri vatnsvirkjana Landsvirkjunar og hvernig spá verður í rennslíð einn sólarhring fram í tímann.

Fundi slitið.